

M-56/2011. Álit 9. janúar 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 9. janúar 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-56/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. maí 2011 óskaði X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y, hér eftir nefndur seljandi. Kvörtun álitsbeiðanda lýtur að pöntun á stúdentshúfum frá seljanda.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Þrátt fyrir nokkra leit hefur kæruneftndinni ekki tekist að hafa uppi á seljanda. Sendi kæruneftndin álitsbeiðanda bréf, dags. 14. desember 2011, þar sem óskað var eftir að álitsbeiðandi veitti nefndinni frekari upplýsingar um seljanda innan tíu daga. Engin svör hafa borist frá álitsbeiðanda.

III

Niðurstaða kæruneftndarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beiðð kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Í 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa kemur fram að nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að það er ekki tækt til álitsgjafar.

Í máli þessu beinir álitsbeiðandi kröfum sínum að Y og fylgdu kvörtuninni engar frekari upplýsingar um aðilann. Kæruneftndinni hefur ekki tekist að finna neinn aðila með því nafni hér á landi. Kæruneftndin telur sig ekki geta gefið efnislega álitsgerð í máli þar sem óljóst er hverjir aðilar þess eru. Málsmeðferð hjá nefndinni þess eðlis að báðum aðilum er gefinn kostur á að láta sín sjónarmið í ljós áður en álit er gefið og vandséð hvernig það verður gert í máli þessu. Af þeim ástæðum telur kæruneftndin að málið sé svo óljóst og illa upplýst að það sé ekki tækt til álitsgjafar. Sér nefndin því ekki annan kost í stöðunni en að vísa málinu frá nefndinni.

IV

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir